

**Fundargerð 1. fundar
Hafnarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
NaN. undefined9. ágúst 2018 , kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Haraldur Helgason formaður, Laufey Erlendsdóttir varaformaður, Sæmundur Sæmundsson aðalmaður, Gísli R. Heiðarsson varamaður, Ari Gylfason varamaður, Róbert Ragnarsson bæjarstjóri, .

Fundargerð ritaði: Haraldur Helgason, formaður.
Formaður bauð hafnarráð velkomið til síns fyrsta fundar.

1. Hafnarmál: samningur við FMS um vigtun afla - 1808016

Sigrún Árnadóttir fyrrverandi hafnarstjóri kom á fundinn og gerði grein fyrir samningi Sandgerðishafnar við Fiskmarkað Suðurnesja.

Sigrún fór yfir samninginn og svaraði spurningum fundarfólks.

2. Hafnarstjóri: ráðning í starf - 1808008

Lögð fram drög að starfslýsingu hafnarstjóra.

Hafnarráð gerir breytingatillögur við drög að starfslýsingu hafnarstjóra og felur bæjarstjóra að uppfæra drögin til samræmis.

3. Sandgerðishöfn: endurskoðun hafnarreglugerðar - 1808014

Hafnarreglugerð Sandgerðishafnar nr. 798/2005 er lögð fram.

Hafnarráð samþykkir að hefja endurskoðun hafnarreglugerðarinnar.

4. Gjaldskrár: sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs - 1806803

Gjaldskrá ársins 2018 lögð fram.

Bæjarstjóri upplýsti að bæjarstjórn hefur staðfest gjaldskrá Sandgerðishafnar og skal hún gilda út árið 2018.

5. Hafnarmál: framkvæmdir við Suðurbryggju - 1808015

Grétar Sigurbjörnsson starfandi verkefnastjóri Sandgerðishafnar kynnti framkvæmdir við höfnina.

*Umræða um framkvæmdir og málefni hafnarinnar almennt.
Hafnarráð þakkar Grétari kynninguna.*

Fundi slitið kl. 17:30.

1. fundur Hafnarráðs
23.08.2018
